



Reykjavík, 21. febrúar 2024

MSS23110167

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Breiðholts um öruggari tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Skógasel og við íþróttamannvirki ÍR

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 6. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts beini því til umhverfis- og skipulagsráðs að kortleggja betur öryggi barna og vegfarenda sem notast við Strætó og þeirra sem hjóla og ganga inn til íþróttæfinga frá Skógarseli, í kjölfarið yrði gripið til nauðsynlegra aðgerða til að auka öryggi vegfarenda. Þetta yrði gert bæði til skemri tíma, meðan framkvæmdirnar við Skógarsel eru yfirstandandi, og til lengri tíma inn á og á bílastæðum við íþróttamannvirki ÍR. Lagt er til að kortlagning fari fram í samráð við forsvarsmenn strætó og ÍR.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. janúar 2024.

Umsögn:

Rýni á umferðaröryggi á þessu svæði í tengslum við framkvæmdirnar sem eru í gangi er þegar hafin þar sem koma að fulltrúar mismunandi skrifstofa umhverfis- og skipulagssviðs í samráði við forsvarsmenn íþróttasvæðisins. Almenn rýni á aðstæðum á Skógarseli er unnin innan vinnu umferðaröryggisáætlunar borgarinnar.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík